



## Samdráttur landsframleiðslu á fyrsta ársfjórðungi

Samkvæmt bráðabirgðamati Hagstofu Íslands dróst landsframleiðslan saman um 1,2% á fyrsta ársfjórðungi borið saman við sama tímabil í fyrra. Þetta er fyrsti samdráttur hagkerfisins síðan á fyrsta ársfjórðungi í fyrra. Að þessu sinni er samdrátturinn eingöngu til kominn vegna mikils samdráttar í útflutningi, um 17,2% milli ára. Framlag hans til hagvaxtar var neikvætt um 7,2%. Það sem helst hífir hagvöxtinn upp að þessu sinni var samdráttur í innflutningi en hann nam 10,2% og var framlag hans til hagvaxtar jákvætt um 3,3%.

### Fyrsti fjórðungur gefur ekki góða mynd af því sem koma skal



Hér er rétt að benda á að niðurstaða fjórðungsins gefur ekki góða mynd af því sem flestir spáaðilar gera ráð fyrir að verði niðurstaðan fyrir árið í heild. Ástæðan er sú að efnahagslegra áhrifa Covid-19 fer ekki að gæta fyrr en seinni hluta marsmánaðar. Flestir spáaðilar gera ráð fyrir miklum samdrætti á þessu ári sögulega séð og mun meiri samdrætti en kom fram á fyrsta fjórðungi.

### Mörg viðskiptalönd hafa upplifað töluverðan samdrátt á fyrsta fjórðungi

Efnahagsleg áhrif Covid-19 hafa komið mishart niður á viðskiptalöndum Íslands. Sum lönd upplifðu töluverðan samdrátt á meðan lítilsháttar aukning mældist í nokkrum löndum. T.d. var 5,4% samdráttur í Frakklandi á fyrsta ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra. Í Þýskalandi var 2,3% samdráttur og 1,6% samdráttur í Bretlandi. Í Bandaríkjunum var hins vegar 0,3% hagvöxtur en einnig var lítils háttar hagvöxtur í Svíþjóð og Noregi á fjórðungnum. Eins og kemur fram hér að ofan má ekki horfa of mikið í tölur fyrir fyrsta fjórðung enda er spáð miklum samdrætti í flestum þessum löndum á þessu ári.

### Jákvæður vöxtur einkaneyslu á fyrsta fjórðungi segir lítið um vöxtinn fyrir árið

Vöxtur einkaneyslu var jákvæður um 0,9% og er þetta minnsti vöxtur hennar síðan á öðrum ársfjórðungi 2013 þegar hann nam 0,1%. Vöxtur





kortaveltu hér heima og erlendis var jákvæður á 12 mánaða grundvelli í bæði janúar og febrúar. Í mars varð hins vegar mikill samdráttur þegar kortaveltan dróst saman um 14,7% milli ára en það má rekja til Covid-19. Það er mesti samdráttur kortaveltu síðan í september árið 2009. Í apríl var samdrátturinn enn meiri, eða 25,5%. Í báðum tilfellum, í mars og apríl, skýrist samdrátturinn í meira mæli af samdrætti í veltu erlendis en innanlands. Það má síðan rekja til mikils samdráttar í ferðalögum Íslendinga erlendis sökum ferðabannsins. Í nýlegri hagspá okkar gerum við ráð fyrir að samdráttur einkaneyslu yfir árið í heild verði 7%.

### Metsamdráttur í útflutningi


Útflutningur dróst saman um 17,2% á fyrsta fjórðungi en þetta er mesti samdráttur í útflutningi frá því að Hagstofan tók upp ársfjórðungslega ársreikninga árið 1995. Samdrátturinn að þessu sinni litast af einskiptisliðum. Vöruútflutningur dróst saman um 10%, sem má að miklu leyti rekja til mikils útflutnings á flugvélum á síðasta ári, en í janúar 2019 seldi WOW air fjórar þotur til Air Canada fyrir um 17,3 ma.kr.

Samdráttinn í þjónustuútflutningi má nær eingöngu rekja til samdráttar í útflutningi ferðþjónustu. Fjöldi erlendra ferðamanna á fyrsta ársfjórðungi var rúmlega 350 þúsund og fækkaði þeim um 23,3% milli ára. Sá samdráttur kom þó fyrst og fremst fram í marsmánuði þegar fjöldinn dróst saman um 53%. Gera má ráð fyrir miklum samdrætti í þjónustuútflutningi á öðrum fjórðungi. Fækkun erlendra ferðamanna í apríl mældist 99,4% miðað við sama mánuð í fyrra. Gera má ráð fyrir að svipaður samdráttur hafi verið til staðar í maí.

### Vöxtur fjármunamyndunar jákvæður vegna grunnáhrifa


Vöxtur fjármunamyndunar var 4,1% á fyrsta fjórðungi og var hann borinn af vexti atvinnuvegafjárfestingar, sem jókst um 9,5%. Íbúðafjárfesting dróst saman um 3,2% en fjárfesting hins opinbera jókst um 2,5%. Mikill vöxtur atvinnuvegafjárfestingar skýrist fyrst og fremst af miklum grunnáhrifum en hún dróst mikið saman á fyrsta fjórðungi í fyrra vegna áðurnefndrar sölu WOW air á flugvélum.

### Vöxtur greiðslukortaveltu og framlag undirliða




Heimild: Seðlabanki Íslands

### Vöxtur útflutnings og framlag undirliða



Breyting frá sama fjórðungi árið áður  
Heimild: Hagstofa Íslands

### Atvinnuvegafjárfesting og framlag undirliða



Heimild: Hagstofa Íslands



### **Aukin samneysla**

Samneyslan jókst um 2,3% á fyrsta fjórðungi og er það minnsti vöxtur hennar síðan á fjórða fjórðungi 2016 þegar hann nam 1,1%. Í nýrri þjóðhagsspá okkar gerum við ráð fyrir að samneyslan muni vaxa um 7% á þessu ári. Það yrði þá mesti vöxtur samneyslu síðan árið 1988 þegar hann nam 7,2%.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. ([hagfraedideild@landsbankinn.is](mailto:hagfraedideild@landsbankinn.is)) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.